


NÁMSLEIÐ

Íslenska, atvinnulíf og
samfélag



FRÆÐSLUMÍÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁA

Íslensk menning og samfélag, 18-253-2-200;
Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun 16-167-1-40

NÁMSLEIÐ

Íslenska, atvinnulíf og samfélag, uppbrot námskráa 18-253-2-200; 16-167-1-40

VINNUSTUNDIR NEMA

171 klukkustundir alls

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2025.



Efnisyfirlit

NÁMSLEIÐ – NÁMSKRÁ	1
TITILL:	1
<i>Námskrár: Íslensk menning og samfélag; Skref til sjálfshjálpar</i>	1
NÁMSLEIÐ LÝSING: ÍSLENSKA OG ATVINNULÍF.....	1
SKIPULAG	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	2
NÁMSMAT	2
YFIRLITSTÖFLUR	3
NÁMSÞÆTTIR	4
ÍSLENSKT MÁL F- ÍSLE1LU (48)	4
LESTUR F-TUNG1LE (1)	5
STAFSETNING F-TUNG1ST (2)	6
RITUN F-TUNG1RI (3)	7
HLUSTUN F-TUNG1HL (4)	8
ATVINNULÍF F- VIVA2VA (2)	9
SJÁLFEFLING OG SAMSKIPTI F- SASK2SH (4)	10

Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Námsleið – Íslenska, atvinnulíf og samfélag, - Námskránnar *Íslensk menning og samfélag* ásamt *Skref til sjálfshjálp* brotnar upp.

Námskrár: Íslensk menning og samfélag; Skref til sjálfshjálp

Námsleið lýsing: Íslenska og atvinnulíf

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af tveimur námskrám FA *Íslensk menning og samfélag* og *Skref til sjálfshjálp*. Námið í heild er á hæfniprepi 1 samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun. Námsþættir eru alls sjö. Tveir námsþættir eru á hæfniprepi 2 en aðrir eru á hæfniprepi 1.

Tilgangur námsins er að styðja við og styrkja fólk af erlendum uppruna til að stíga fyrstu skref í að skynja og skilja íslenskt samfélag, fá innsýn í atvinnulíf og stíga fyrstu skref við að ná upp þjálfun í grunnfærni í notkun íslensks máls. Um leið og stefnt er að aukinni færni í lestri og ritun svo nemandi þjálfist í aðferðum við að hjálpa sér sjálf við að bæta sig í lestri, ritun og tjáningu, upplifa öryggi og sjálfstýrk og geta einnig nýtt sér í síauknum mæli tækifæri upplýsingatækni til aukinnar færni. Auk þess kynnist fólkið og byrjar á að laga sig íslenskum vinnumarkaði og átta sig á uppbyggingu íslensks samfélags. Áhersla er á íslenskt mál og atvinnulíf ásamt því að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni.

Af sex námsþáttum námskrárinnar *Íslensk menning og samfélag* eru þrír námsþættir hennar nýttir hér og af fimm námsþáttum námskrárinnar *Skref til sjálfshjálp* eru allir nýttir hér í þessa sérstöku námsleið. Námsþættir sem snúa að íslensku máli eru allir á **A1** – samkvæmt Evrópskum tungumálaramma.

Heildarnámstími námsleiðar er 171 klukkustundir en námskránnar *Íslensk menning og samfélag* er alls 180 klukkustundir og *Skref til sjálfshjálp* er 40 klukkustundir alls.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi framburði bókstafa og orða
- mikilvægi tjáningar til að koma hugsunum sínum á framfæri við fólk
- gagnlegum aðferðum í samskiptum
- íslensku atvinnulífi og vinnuumhverfi
- starfsemi stéttarfélaga, réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja kunnugleg orð og mjög einfaldar setningar á íslensku
- beita grunnþekkingu við að stafsetja íslensk orð
- nota ritvinnsluforrit og samfélagsmiðla við textagerð og samskipti
- finna hagnýtar upplýsingar um íslenskt samfélag
- taka þátt í uppbyggilegum samskiptum.

Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vera virk sem þátttakandi í íslensku samfélagi
- koma auga á efnisinntak orðræðu við lestur
- setja upp ólíka (stutta) texta á skipulegan hátt
- geta nýtt sér upplýsingar um samfélög, búsetu, íslenska tungu og menningu
- geta nýtt sér þjónustu og stuðning sem boðið er upp á í samfélaginu
- spurt og svarað algengum spurningum um kunnugleg málefni á íslensku.

Námsmat

Námsárangur er metinn með fjölbreyttum aðferðum sem lýst er í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Gert er ráð fyrir að ferilbók nýtist í tengslum við verk- og vinnustaðanám þar sem við á.

Áhersla er lögð á að bæði leiðbeinendur og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Yfirlitstöflur

Námsleið: Íslenska, atvinnulíf og samfélag – úr námskrám:

Íslensk menning og samfélag; Skref ti Ísjálfshjálpar

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Þrep
Íslenskt mál	F-ÍSLE1LU (48)	60	30	30	1
Lestur	F-TUNG1LE (1)	22	11	11	1
Stafsetning	F-TUNG1ST (2)	20	10	10	1
Ritun	F-TUNG1RI (3)	12	6	6	1
Hlustun	F-TUNG1HL (4)	13	10	3	1
Atvinnulíf	F-VIVI2VA (2)	24	16	8	2
Sjálfsefning og samfélag	F-SASK2SH (4)	20	12	8	2
Vinnuframlag nema		171	95	76	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Íslenskt mál

F- ÍSLE1LU (48)

Þrep	1 (A1 - Evrópski tungumálaramminn)
Vinnustundir	60 (30 + 30)
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Lestur, málfræði, ritun

Lýsing

Tilgangur þessa námsþátta er að nemar auki færni sína í að lesa, skilja og tala á íslensku. Megináhersla er lögð á talað mál og tjáningu á hagnýtan hátt bæði í samskiptum og frásögn, þannig að námið nýtist nemum í daglegu lífi á Íslandi. Fjallað er um íslenskt þjóðlíf og áhersla lögð á að fylgjast með umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, fanga málefni líðandi stundar og tengja umfjöllunina við reynslu og áhugasvið nemanna.

Hæfniviðmið námsþátta

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum orðum og myndmáli í íslensku
- einföldum setningum daglegs lífs t.d. á skiltum og veggspjöldum
- einföldum töluðum setningum þegar talað er hægt og skýrt.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota einföld orð, orðasambönd og setningar í samtali
- lesa stutt hagnýtt efni og tjá sig um það
- nota einfaldar stuttar setningar
- eiga stutt einföld samtöl sem sýna viðbrögð og leikni í notkun máls
- spyrja um kunnugleg atriði eða orð og nota mjög einfaldar setningar.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- taka þátt í einföldum samræðum
- spyrja og svara einföldum, algengum spurningum um kunnug málefni
- öðlast aukinn orðaforða í íslensku.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.

Lestur

F-TUNG1LE (1)

Þrep	1
Vinnustundir	22
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Lestur

Lýsing

Í þessum námsþætti er beitt samvirkri kennsluaðferð í lestri. Áhersla er lögð á hvort tveggja, einingar innan orða og merkingarbærar heildir. Unnið er með nálgun fjölskynjunar, það er snertingu, hreyfingu, sjón, heyrn og tali til að virkja sem flest skynfæri til náms. Merking orða og þau sem erfitt er að lesa, eru skoðuð sérstaklega, þau krufin til mergjar með fjölskynjunarnálgun og sett í fjölbreytt samhengi. Með þessari þjálfun örvast öll umskráning og lesskilningur og flæði lesturs á tungumálinu verður námsmönnum til gagns og ánægju. Námssefnið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynnast tungumálinu betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- bókstöfum, atkvæðum og hljóðum
- orðum og uppruna þeirra. - Framburði og merkingu orða
- greinarmerkjum og hvernig tekið skuli mið af þeim við lestur texta
- mikilvægi lestrarnákvæmni og hraða
- mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta til að fá; gróft yfirlit, afla bókstaflegra upplýsinga, lesa milli lína og draga ályktanir
- möguleikum tölvunotkunar til upplýsingaöflunar

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi aðferð við lestur
- lesa öll orð, þar á meðal þau sem eru ókunn og flókin
- lesa og skilja mismunandi texta
- beita aðferðum sem auka lestrarnákvæmni og leshraða
- lesa sjálfum sér til gagns og ánægju mismunandi texta

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir
- auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta.
- auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- nýta sér tölvu og talgervil við lestur á því tungumáli sem við

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna

Stafsetning

F-TUNG1ST (2)

Þrep	1
Vinnustundir	20
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Stafsetning

Lýsing

Í þessum námsþætti er lögð áhersla á einingar innan orða og merkingarbærar heildir. Jafnframt er lögð áhersla á að beita nálgun fjölskynjunar með því að virkja sem flest skynfæri til námsins, það er snertingu, hreyfingu, sjón, heyrn og tal. Merking orða og þau orð sem erfitt er að stafsetja eru skoðuð sérstaklega og þau krufin til mergjar. Námsfnið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynna stafsetningu tungumálsins betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengustu rithefðum tungumálsins
- reglum og samhengi ritaðs máls
- tengslum milli hljóða bókstafa og ritunar þeirra
- lengd sérhljóða til að átta sig á hvenær á að skrifa einn eða tvo samhljóða

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita aðferðum við að stafsetja orð, meðal annars þau sem eru löng og flókin
- nota grunnreglur í stafsetningu og málfræði
- nota aðferðir til að muna rithátt orða.
- læra utanbókar þau orð sem reglur ná ekki til
- nota tölvuforrit við stafsetningu

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- beita aðferðum við að stafsetja orð, meðal annars þau sem eru löng og flókin
- nota grunnreglur í stafsetningu og málfræði
- nota aðferðir til að muna rithátt orða
- læra utanbókar þau orð sem reglur ná ekki til
- nota tölvuforrit við stafsetningu

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna

-

Ritun

F-TUNG1RI (3)

Þrep	1
Vinnustundir	12
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Ritun

Lýsing

Í námsþættinum er áhersla er lögð á ritun stuttra texta eftir forskrift og frá eigin brjósti. Textarnir eru settir upp á skipulegan hátt með áherslu á notkun leiðréttingar- og yfirlstrarforrita.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi aðferðum ritunar eftir því sem við á hverju sinni
- ólíkum frásagnarmáta eftir tilefnum
- hvernig koma á hugsunum sínum á framfæri á skipulegan hátt
- möguleikum ýmissa forrita við textagerð og í samskiptum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa texta varðandi daglegar athafnir svo sem tölvupóst og mismunandi orðsendingar
- skrifa ýmsar gerðir af textum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum
- beita mismunandi aðferðum við að koma frásögn á viðeigandi textaform
- nota yfirlstrarforrit og orðabækur þar á meðal netorðabækur
- nota tölvuforrit til að setja upp skipulegan texta á mismunandi hátt.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nýta þau hjálpartæki sem henta hverju sinni.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna

Hlustun

F-TUNG1HL (4)

Prep	1
Vinnustundir	13
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Ritun

Lýsing

Í námsþættinum eru námsmenn þjálfaðir í að beita virkri hlustun til að greina framburð bókstafa og orða til að nýta sér í náminu og hinu daglega lífi. Náms efnið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynnast tungumálinu betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi framburði bókstafa og orða
- mismunandi mállyskum eftir svæðum

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota tæknimiðla og forrit til að æfa sig í hlustun
- fylgjast með og skilja megininntak þess efnis sem fjallað er um

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- meta mikilvægi og merkingu þess sem fjallað er um hverju sinni
- greina megininntak þess efnis sem fjallað er um.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna

Atvinnulíf

F- VIVA2VA (2)

Þrep	2
Vinnustundir	24
Námsgrein	Vinna og vinnumarkaður
Viðfangsefni	Vinnumarkaður, atvinnulíf, réttindi og skyldur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla skilning nema á atvinnulífi og vinnumhverfi á Íslandi. Áhersla er einkum á vinnulöggjöf og vinnuvernd, almannatryggingar, öryggismál, skattaumhverfið og starfsmannamál. Til að styrkja starfshæfni námsfólks er fjallað um skipulag og verkferla sem almennt tíðkast á vinnustöðum og um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Rætt er um hlutverk trúnaðarfolk stéttarféлага og vinnumiðlana og um algeng hugtök sem notuð eru í umræðu um laun og kjör eins og iðgjald, orlof og persónuafslátt. Einnig er fjallað um atriði sem fjölskyldufolk á vinnumarkaði þarf að hafa í huga svo sem barnagæslu, fæðingarorlof og barnabætur. Réttindi og skyldur innflytjenda sem koma til starfa á Íslandi eru kynnt.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- íslenskum vinnumarkaði
- réttindum og skyldum launafólks
- uppbyggingu launaseðla og skattskýrslu
- ýmsum atvinnutengdum hugtökum
- starfsemi stéttarféлага.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna eftir verkferlum
- fylgja reglum á vinnustað
- fara eftir starfsreglum og siðareglum vinnustaðar.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- tileinka sér skipulögð vinnubrögð og jákvætt viðhorf til starfa
- afla sér upplýsinga um launakerfi og kjaramál
- aðlagast reglum á íslenskum vinnumarkaði
- skilja íslenskt vinnumhverfi og velja hvert á að leita eftir aðstoð vegna vinnumarkaðsmála.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.

Sjálfsfelling og samskipti

F- SASK2SH (4)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Samskipti
Viðfangsefni	Sjálfsstraust, hópefli, samskipti

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að efla færni námsfólks í árangursríkum samskiptum. Einnig er áhersla lögð á mikilvægi góðs liðsanda, samvinnu við lausn vandamála, sköpunargleði og traust. Fjallað er um grunnþætti samskipta svo sem færni í að hlusta, að takast á við álag og bregðast við erfiðum aðstæðum. Fjallað er um leiðir til að stuðla að betra sjálfsstrausti og öruggari framkomu. Í námsþættinum er einnig fjallað um samskipti í hópum og áhrif hópa á einstaklinga. Unnið er með samskipti, hópefli og leikræna tjáningu í þeim tilgangi að skapa góðan starfsanda og stuðla að öflugri liðsheild.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum til að byggja upp sjálfsstraust
- leiðum til að verjast ágengni og sýna sjálfstyrk
- lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu
- undirstöðuatriðum tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning
- góðum starfsanda og það sem þarf til að viðhalda honum
- samhengi milli sjálfsfellingar og framkomu.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í árangursríkum samskiptum
- vinna í hópum með öðru fólki
- hlusta af athygli, lesa í líkamstjáningu og raddblæ.
- tjá sig í hópum á íslensku og hlusta á annað fólk
- bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nota árangursríkar aðferðir í samstarfi.
- Setja sig í spor annarra og virða ólík sjónarmið.
- Taka virkan þátt í umræðum í samfélaginu og á vinnustað.
- Vera trúr eigin ákvörðunum og virða ákvarðanir annarra.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta fyrir starfsánægju og árangur í námi og starfi.
- Átta sig á samhengi milli sjálfsstrausts og framkomu.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema, munnlegt og skriflegt, einstaklings- og paraverkefni.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI